

Höfuðborgarsvæðið, jarðfræðikort. Fundur  
Samráðsnefndar 18. febrúar 1998.  
Fundargerð

**Ingibjörg Kaldal**

**Greinargerð IK-98-02**

## Höfuðborgarsvæðið, jarðfræðikort Fundur Samráðsnefndar 18. febrúar 1998 Fundargerð

### Fundinn sátu:

Halldór Torfason	Borgarverkr.
Sigurður Haraldsson	Hafnarfjarðarbæ
Pórarinn Hjaltason	Kópavogsbæ
Tryggvi Jónsson	Mosfellsbæ
Hrafn Jóhannesson	Seltjarnarnesbæ
Eiríkur Bjarnason	Garðabæ
Einar Gunnlaugsson	Hitaveitu Rvk.
Guðmundur Þóroddsson	Vatnsveitu Rvk.
Freysteinn Sigurðsson	Orkustofnun
Helgi Torfason	-
Skúli Víkingsson	-
Árni Hjartarson	-
Ingibjörg Kaldal	-

Halldór Torfason formaður nefndarinnar setti fundinn og skipaði Ingibjörgu Kaldal fundaritari. Gengið var til dagskrár samkvæmt fundarboði.

### 1. Yfirlit um árið 1997 og áætlun um verklok 1998

Umsjónamenn hinna þriggja kortgrunna greindu frá stöðu mála. Helgi Torfason greindi frá berggrunnskortunum. Kortblaðið Viðey 1613 III-NV er nýkomið úr prentun, og 1613 III-SA er nær tilbúið til prentunar. 1613 III-NA er í nær tilbúnu handriti. Upplag korts 1613 III-SV er uppuríð, en það var unnið á gamla mátann. Áætlunin er að tölutaka það fljótlega, en það er nauðsynlegt fyrir gerð yfirlitskortsins í mælikvarðanum 1:50 þús. Áætlað að ljúka verkinu 1998.

Skúli Víkingsson greindi frá jarðgrunnskortunum. Syðri kortin tvö eru komin út, NV kortið er í prentsmiðjunni, en NA kortið er í hálfkláruðu handriti. Það kort bættist við verkið síðastliðið sumar, þegar Mosfellsbær gerðist aðili að samningnum og er því styst á veg komið. Þó er stefnt að því að því verði lokið

1998 ásamt yfirlitskortinu í 1:50 þús.

Árni Hjartarson greindi frá stöðu vatnafarskortanna. Þau eru öll komin út í 1:25 þús. og yfirlitskortið er langt komið.

### 2. Ákvörðun um skýringarbækling

Freysteinn fylgdi málinu úr hlaði og rökstuddi mikilvægi útgáfu skýringarbæklings með kortunum og vísaði í fygiskjal sem fylgdi fundarboðinu. Urðu nokkrar umræður um málið, sem snerust einkum um það hvort það væri hlutverk sveitarfélaganna að standa undir kostnaði við slíkan bækling. Var það einkum sjónarmið Eiríks, að gerð svona bæklings "væri á skjön við það sem upphaflega var farið af stað með". Voru ekki allir sáttir við þessi orð, þar sem skýringarbæklingur hefur verið ítrekað ræddur á fundum og áhugi hefur verið fyrir því að OS setti fram hugmyndir sínar um gerð hans. Hrafn taldi mikinn feng að slíkum skýringarbæklingi, sem myndi gera kortin margfalt meira virði. Áetlar hann að leggja til við Seltjarnarnesbæ, að gerð bæklings yrði studd. Ræddu menn málið vítt og breitt og m.a. hvort kæmi til greina að fá styrktaraðila til að leggja fram einhvert fé eða kosta útgáfuna alfarið. Voru þá nefndir til sögunnar aðilar eins og Ferðafélag Íslands, sem kostaði gerð bæklings um Helgilsvæðið í kjölfar útgáfu Hengiskortsins, en Höfuðborgarsvæðið er eitt fjölfarnasta útivistarsvæði landsins. Einnig Landmælingar Íslands og Námsgagnastofnun, því bæklingur með kortum gæti nýst sem námsgögn fyrir skólakerfið. Landsvirkjun og Vegagerð ríkisins kæmu líka til greina. Allir voru sammála um það að mikill fengur væri að svona bæklingi, en spurningin væri bara hverjir ættu að fjármagna hann. Til að gera langa sögu stutta var ákveðið að fulltrúar sveitarfélaganna hittust

til að ræða málið (óáreittir án allra þessara jarðfræðinga!).

### 3. Varðveisla og viðhald gagna

Freysteinn rökstuddi þörfina fyrir því að halda utan um gagnabankann og uppfæra hann jafnóðum þannig að ætíð lægju fyrir nýjustu upplýsingar. Kortin eru unnin á OS og hagkvæmast að viðhaldi sé á sama stað. Umræðan um þetta fór í sama farveg og áður, þ.e. hvort það væri hlutverk sveitarfélaganna að kosta þetta verk. Tryggvi nefndi að í upphafi hafi verið farið í þetta verk vegna þess að þörfin hafi verið fyrir hendi og því nausynlegt að uppfæra gögnin svo þau séu alltaf rétt. Hann taldi líka að sívaxandi krafa um umhverfismat vegna ýmissa framkvæmda kallaði á að þessi gögn væru tiltæk. Eiríkur sagði að ýmsir hefðu farið út í þetta með allnokkurri tregðu og spurning hvort sveitarfélögin teldu þetta sitt hlutverk. Veltu menn þessu allnokkuð fyrir sér, en að lokum var ákveðið að fulltrúar sveitarfélaganna ræddu þetta í sínum hópi.

### 4. Önnur mál

Undir þessum lið kom Guðmundur með ábendingu um, að síðan samið var um kortlagninguna hefðu sveitarfélögin stækkað út fyrir kortin, og hvort það kallaði ekki á frekari kortlagningu. Var gerður að því góður rómur meðar OS manna, en það mál ekki rætt meir að sinni.

Fundi var síðan slitið og boðað til næsta fundar **4. mars kl 15 í Garðabæ.**